

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar.

1. *Hvað hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar farið um borð í mörg skip á miðunum frá ársbyrjun 2000 til þessa dags?*

Á framangreindu tímabili hefur verið farið um borð í alls 1.408 skip til skoðunar af hálfu Landhelgisgæslunnar.

2. *Hvaða helstu athugasemdir hafa komið fram við þessar skoðanir*

- a. *um öryggisbúnað,*
- b. *um lögskráningu,*
- c. *um atvinnuréttindi,*
- d. *um athugun á veiðarfærum?*

Samkvæmt upplýsingum Landhelgisgæslunnar (sbr. einnig fylgiskjal) eru helstu athugasemdir sem komið hafa fram eftirfarandi:

a. *Öryggisútbúnaður.* Skoðuð voru 1.035 skip. Þar af voru gerðar athugasemdir við 673 skip og af þeim voru 93 dæmd óhaffær. Samtals voru skoðuð 13.586 atriði. Helstu niðurstöður eru þessar:

	Athugasemdir
Björgunarbátar	32
Björgunarhringir	205
Siglingaljós	56
Frífljótandi neyðarbauja	3
Navtex	60
Öryggisplan	24
Neyðaráætlun	16
Leiðari	53
Sjókort	170
Björgunaræfingar	164
Hlustvarsla	117
Nýliðafræðsla	81
Haffærisskírteini og skoðunarvottorð	84 án haffæris
	38 ekki með skjöl um borð

b. *Lögskráning.* Skoðuð voru 1.057 skip. Þar af voru gerðar athugasemdir við 120 skip. Helstu niðurstöður eru þessar:

Skráður maður en ekki um borð	78
Óskráður maður um borð	59
Vantar í stöðu	32

c. *Atvinnuréttindi*. Skoðuð voru 1.057 skip. Þar af voru gerðar athugasemdir við 324 skip:

Ekki næg réttindi	40
Réttindi útrunnin	90
Réttindalaus	68
Ekki með skirteini	161
Vantar slysavarnaskóla	2

d. *Veiðarfæri*. Skoðuð voru veiðarfæri um borð í 1.145 skipum. Þar af voru gerðar athugasemdir í 67 tilfellum. Algengustu athugasemdir voru vegna rangra eða ófullnægjandi merkinga að því er varðar línu- og netaveiðar en of smárra möskva í botnvörpum.

3. *Eru dæmi um að sama skip hafi fengið áminningu eða því verið stefnt í land oftast en einu sinni og ef svo er, hve oft hefur það gerst og hve mörg eru skipin?*

Já, þess munu vera dæmi. Samkvæmt upplýsingum Landhelgisgæslunnar er fjöldi skipa sem gerðar hafa verið athugasemdir við, þeim veittar áminningar, þau tekin eða kærð eftirfarandi:

a. *Athugasemdir*:

Alls	947
Tvisvar sinnum	136
Þrisvar sinnum	42
Fjórum sinnum	29
Fimm sinnum	3
Átta sinnum	1

b. *Aðvaranir/áminningar*:

Alls	378
Tvisvar sinnum	43
Þrisvar sinnum	8

c. *Tekin*:

Alls	15
------	----

d. *Kærð*:

Alls	236
Tvisvar sinnum	15
Þrisvar sinnum	3

4. *Hvernig hefur verið tekið á ítrekuðum brotum? Hve mörg slík mál hafa verið afgreidd og hve mörg eru óafgreidd?*

Kærum vegna brota beinir Landhelgisgæslan til hlutaðeigandi lögreglustjóra. Brotin eru skráð eftir skipum hjá Landhelgisgæslunni en ekki þeim sem er kærður og liggur því ekki fyrir flokkun eftir því hvort um er að ræða ítrekað brot eða ekki.

Upplýsingar frá einstökum embættum lögreglustjóra um stöðu og afdrif mála þar sem um ítrekuð brot skipstjóra er að ræða liggja ekki fyrir og á þeim skamma fresti sem ráðuneytinu var ætlaður til að svara fyrirspurninni reyndist því miður ekki unnt að afla þeirra.

Fylgiskjal.

Á tímabilinu 1.1.2000–12.10.2003 hafa varðskipin gert búnaðarskoðun um borð í alls 1.035 skipum. Af þeim fjölda voru 362 án athugasemda en 673 með athugasemd og þar af 93 dæmd óhaffær. Samtals voru skoðuð 13.586 atriði og athugasemdir gerðar í 1.470 tilvikum. Skipting athugasemda og niðurstöður voru eftirfarandi:

B100 SKIPSSKJÖL**B101 Haffærisskírteini/Skoðunarvottorð:**

- 870 Í lagi
- 84 Skip án haffæris
- 38 Skjöl ekki um borð

B102 Mælibréf:

- 906 Í lagi
- 8 Mælibréf ekki í gildi
- 31 Skip án mælibréfs

B103 Þjóðernisskírteini:

- 654 Í lagi
- 7 Skírteini ekki um borð
- 7 Rangt nafn á skírteini

B104 Eftirlitsbók:

- 635 Í lagi
- 69 Engin eftirlitsbók um borð

B105 Olíudagbók:

- 635 Í lagi
- 5 Olíudagbók ekki til staðar
- 2 Undirskrift vantar

B106 Stöðugleikagögn:

- 485 Í lagi
- 80 Stöðugleikagögn vantar

B107 Númer, nafn og umdæmisbókstafir:

- 921 Í lagi
- 15 Óviðunandi ástand merkingar
- 13 Merkingu vantar

B108 Sorpdagbók:

- 96 Í lagi
- 29 Engin sorpdagbók um borð
- 31 Sorpdagbók ekki færð
- 0 Undirskrift vantar

B200 BÚNAÐUR**B201 Björgunarbátar:**

- 908 Í lagi
- 3 Frágangur ekki í lagi
- 26 Skoðun útrunnin
- 3 Merkingu vantar

B202 Bjarghringir:

- 725 Í lagi

8 Hringur brotinn

183 Merking ólæsileg eða vantar

4 Bjarghringsljós í ólagi

0 Brotinn – merking ólæsileg eða vantar – ljós í ólagi

2 Brotinn – merking ólæsileg eða vantar

1 Brotinn – ljós í ólagi

7 Merking ólæsileg eða vantar – ljós í ólagi

B203 Siglingaljós:

879 Í lagi

56 Siglingaljós ekki í lagi

B204 Frífljótandi neyðarbauja:

398 Í lagi

3 Neyðarbauju vantar

B205 Navtex:

339 Í lagi

60 Móttökutæki ekki virkt

B206 Öryggisplan:

388 Í lagi

24 Öryggisplan vantar

B207 Neyðaráætlun:

398 Í lagi

16 Neyðaráætlun vantar

B208 Leiðari:

412 Í lagi

20 Leiðari ekki í lagi

33 Leiðari ekki um borð

B209 Sjókort:

692 Í lagi

170 Ekki í lagi

B300 ANNAÐ**B301 Björgunaræfingar:**

412 Í lagi

164 Björgunaræfingar ekki skráðar í eftirlitsbók

B302 Hlustvarsla:

808 Í lagi

117 Hlustun ekki í gangi

B303 Nýliðafræðsla:

555 Í lagi

81 Fræðsla hefur ekki farið fram

Skyndiskoðanir varðskipa frá 1. janúar 2000 til 12. október 2003.

Á tímabilinu: **01/01/03 - 12/10/03** hafa varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls:

228 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 56,58 % tilfella. Skoðanir skiptust þannig:

222	Afla	þar af	19	með athugasemd, eða	8,56	%
221	Fiskidagbók	" "	14	" "	6,33	%
222	Veiðileyfi	" "	7	" "	3,15	%
181	Veiðarfæri	" "	6	" "	3,31	%
184	Búnaður	" "	97	" "	52,72	%
201	Lögskráning	" "	5	" "	2,49	%
201	Réttindi	" "	48	" "	23,88	%

Á tímabilinu: **01/01/02 - 31/12/02** hafa varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls:

309 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 66,67 % tilfella. Skoðanir skiptust þannig:

293	Afla	þar af	62	með athugasemd, eða	21,16	%
301	Fiskidagbók	" "	15	" "	4,98	%
301	Veiðileyfi	" "	10	" "	3,32	%
262	Veiðarfæri	" "	21	" "	8,02	%
236	Búnaður	" "	143	" "	60,59	%
285	Lögskráning	" "	20	" "	7,02	%
285	Réttindi	" "	69	" "	24,21	%

Á tímabilinu: **01/01/01 - 31/12/01** hafa varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls:



336 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 66,07 % tilfella. Skoðanir skiptust þannig:

313	Afla	þar af	55	með athugasemd, eða	17,57	%
325	Fiskidagbók	" "	25	" "	7,69	%
332	Veiðileyfi	" "	10	" "	3,01	%
269	Veiðarfæri	" "	11	" "	4,09	%
240	Búnaður	" "	153	" "	63,75	%
284	Lögskráning	" "	47	" "	16,55	%
284	Réttindi	" "	77	" "	27,11	%

Á tímabilinu: **01/01/00 - 31/12/00** hafa varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls:

535 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 72,34 % tilfella. Skoðanir skiptust þannig:

505	Afla	þar af	85	með athugasemd, eða	16,83	%
514	Fiskidagbók	" "	71	" "	13,81	%
517	Veiðileyfi	" "	27	" "	5,22	%
433	Veiðarfæri	" "	29	" "	6,70	%
375	Búnaður	" "	280	" "	74,67	%
468	Lögskráning	" "	48	" "	10,26	%
468	Réttindi	" "	130	" "	27,78	%



Súluritið sýnir þróun athugasemda í skyndiskoðunum. Benda má á að á árinu 2000 voru gerðar athugasemdir í um 75% af búnaðarskoðunum en á árinu 2003 er hlutfallið komið niður í tæp 53%.